



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
Erindi nr. P 140/2582
komudagur 21.5.2012

Nefndasvið Alþingis
vt. efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

21. maí 2012

Tilvísun: 2012050036/11.1

Efni: Umsögn vegna frumvarps til breytinga á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (sparisjóðir) - 762. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubrúefs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þann 15. maí sl., þar sem óskað var umsagnar Fjármálaeftirlitsins vegna frumvarps til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (sparisjóðir), 762. mál.

Athugasemd vegna 1. og 2. gr.

Með 1. og 2. gr. frumvarpsins er takmörkuð sú starfsemi sem sparisjóðum er nú heimilað að stunda en með takmörkuninni mun sparisjóðum ekki lengur vera heimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning og fyrir viðskiptavini samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.). Í þessu felst m.a. að sparisjóðir geta ekki átt viðskipti fyrir eigin reikning og fyrir viðskiptavini með gjaldeyri og greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla og önnur sambærileg greiðsluskjöl, sbr. a og b liðir 7. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl. Fjármálaeftirlitið vill vekja athygli á því að langflestir sparisjóðanna hafa framangreindar starfsheimildir og getur framangreind takmörkun hamlað sparisjóðum í hefðbundinni starfsemi sinni, s.s. að þjónusta viðskiptavini með gjaldeyri.

Þá er vakin athygli á því að með takmörkuninni er sparisjóðum gert óheimilt að stunda ákveðin viðskipti sem mögulega eru hafin og ná yfir tiltekinn tíma. Vakna upp spurningar hvernig fari með slík viðskipti ef frumvarpið verður samþykkt.

Athugasemd vegna b liðar 5. gr.

Í 9. tölulið ákvæðisins er kveðið á um að í samþykktum sparisjóðsins skuli kveðið á um hvert skuli vera reikningsár sparisjóðsins. Í þessu sambandi er vakin athygli á 4. málsl. 1. mgr. 87. gr. ffl. sem kveður á um að reikningsár fjármálafyrirtækja sé almanaksárið.

Athugasemdir vegna g og f liðar 5. gr.

Í g lið 5. gr. er fjallað nánar um slit sjálfseignarstofnunar ef sparisjóður er sameinaður hlutafélagi með yfirtöku. Um er að ræða nánari útfærslu á 3. mgr. 106. gr. ffl. Fjármálaeftirlitið bendir á að í 3. mgr. g liðar 5. gr. er kveðið ítarlega á um hvernig sjálfseignarstofnunum skuli slitið og meðal annars kveðið á um skyldur stjórnar yfirtekens sparisjóðs um að stofna sérstaka sjálfseignarstofnun og setja henni skipulagsskrá. Umrædd sjálfseignarstofnun á að stuðla að framgangi þeirra samfélagslegu verkefna sem samþykktir yfirtekens sparisjóðs kveður á um, með jákvæðu óráðstöfuðu eigin fé yfirtekna sparisjóðsins.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Þar sem umrædd 3. mgr. er ítarleg, bendir Fjármálaeftirlitið á að efni umræddrar málsgreinar verður skýrara ef henni er skipt upp, þannig að efni málsgreinarinnar eftir 8. másl. verði sér málsgrein. Þannig yrði kveðið á um yfirtöku sparisjóðs, stofnun sjálfseignarstofnunar og mat á verðmæti endurgjalds í einni málsgrein, en í annarri málsgrein um störf sjálfseignarstofnunar sem stofnuð er með jákvæðu óráðstöfuðu eigin fé yfirtekens sparisjóðs.

Ábending um nauðsyn endurskoðunar á 14. gr. ffl. um stofnfé sparisjóða

Í 2. og 3. mgr. 14. gr. ffl. er kveðið á um hvert stofnfé sparisjóða skuli vera að lágmarki en eiginfjárgrunnur sparisjóðs eins og hann er reiknaður skv. 84. og 85. gr. má á hverjum tíma ekki nema lægri fjárhæð en tilgreind er í 2. og 3. mgr. 14. gr., sbr. 11. mgr. 14. gr. ffl. Í 2. mgr. 14. gr. ffl. er kveðið á um að stofnfé sparisjóðs skuli að lágmarki nema 5 milljónum evra og í 3. mgr. 14. gr. ffl. er kveðið á um að sparisjóðir með takmarkaðar starfsheimildir sem starfa á afmörkuðum, staðbundnum markaði skuli nema að lágmarki 1 milljón evra.

Með fyrirbyggjandi frumvarpi ef það verður að lögum eru starfsheimildir sparisjóða takmarkaðar en ekki er ljóst samkvæmt frumvarpinu hvort sparisjóðirnir verði að takmarka starfsemi sína við tiltekin landssvæði. Með hliðsjón af framangreindu verður að telja nauðsynlegt að meta hvort þær breytingar sem felast í frumvarpinu kalli á endurskoðun á þeim kröfum sem gerðar eru til stofnfjár sparisjóða samkvæmt 2. og 3. mgr. 14. gr. ffl.

Einstakar athugasemdir varðandi orðalag.

Í 1. másl. 1. mgr. d liðar 5. gr. vantar s í sjálfseignarstofnun.

Í 1. másl. 2. mgr. g-liðar 5. gr. segir: „Ef sparisjóður sem eru sjálfseignarstofnun er sameinaður ...“. Þar ætti að standa: „Ef sparisjóður sem er sjálfseignarstofnun er sameinaður ...“.

Að sama skapi segir í 5. mgr. g- liðar 5. gr.: „Ekki er heimilt að samþykkja samruna og slíta yfirteknum sparisjóði fyrir en stjórn sjálfseignarstofnunar ...“. Þar ætti að standa: „Ekki er heimilt að samþykkja samruna og slíta yfirteknum sparisjóði fyrir en stjórn sjálfseignarstofnunar ...“.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Björk Sigurgísladóttir
Björk Sigurgísladóttir